

Mál nr. 274/2024**VARNARAÐILI HAFNAÐI AÐ HLÍTA ÚRSKURÐI****Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.****Skráningarnúmer ökutækja: (A) (B) og (C)****Orsakatengsl. Sönnun.****Gögn.**

1. Málskot móttakið 22. júlí 2024, ásamt fylgiskjölum.
2. Athugasemdir V, dags 28. nóvember 2024, ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M með bréfi dags. 5. desember 2024.
4. Viðbótarathugasemdir V með bréfi dags. 6. desember 2024.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að 2. júní 2022 var bifreiðinni A ekið aftan á bifreiðina B sem við það kastaðist á bifreiðina C sem M ók. Bæði B og C stóðu kyrrstæðar á rauðu ljósi á Miklubraut skammt frá Kringlunni þegar óhappið átti sér stað. Ekki virðist ágreiningur um að A hafi átt sök á árekstrinum. Í málskotinu er á því byggt að við áreksturinn hafi M orðið fyrir líkamstjóni. Nánar tiltekið hafi hann orðið fyrir tognun og ofáreynslu á hálshrygg, brjósthrygg og hægri hné ásamt áverka á utanvert hægri hné. Því til staðfestingar liggi fyrir í málinu læknisvottorð, dags. 5. desember 2022 og 26. júní 2023, auk matsgerðar eins læknis, dags. 1. nóvember 2024. Bendir M m.a. á í bréfi dags. 5. desember 2024 að í því mati hafi lækinn komist að þeirri niðurstöðu að orsakatengsl séu á milli umferðarslyssins 2. júní 2022 og þeirra líkamlegu einkenna sem matsbeiðandi býr við í dag og hann tengir slysinu. Nánar tiltekið segir eftirfarandi um þessi einkenni í matsgerðinni: „Þau einkenni sem tjónþoli býr við í dag og hann rekur til slyssins 01.06.2022 eru verkir í hálsi með leiðni niður í herðar sem versna við álag einkum þegar líður á vinnudaginn. Ekki er um að ræða sértæk einkenni, heldur algeng hjá fólki sem stundar erfiðisvinnu af því tagi sem tjónþoli stundar. Þau eru á hinn bóginn mjög áþekkt þeim einkennum sem tjónþoli kvartaði um við skoðun lækis tveimur dögum eftir slysið og engin fyrri saga var um slík einkenni. Í ljósi ofan talins telur undirritaður líklegra en ekki að núverandi einkenni [M] hvað háls varðar séu afleiðingar umferðarslyssins 01.06.2022.“

Bifreiðin A var ábyrgðartryggt hjá V. Félagið telur ósannað að M hafi orðið fyrir líkamstjóni í umferðaróhappinu. Byggir V þá niðurstöðu sína á því að um hafi verið að ræða lágorku árekstur og það komi fram í fyrirliggjandi PC Crash skýrslu að sá þyngdarkraftur sem virkaði á bifreiðina C hafi verið með minnsta móti og því ekki nægjanlegur til þess valda líkamstjóni því sem byggt er á að M hafi orðið fyrir. **Álit.**

Aðila greinir á um hvort M hafi orðið fyrir líkamstjóni 2. júní 2022, en samkvæmt almennum sönnunarreglum ber M sönnunarbyrði þess að svo hafi verið. Þó svokölluð PC Crash skýrsla lýsi litlum þyngdarkrafti áreksturs verður ekki talið að það eitt og sér útiloki að líkamstjón hafi orðið enda verður við mat á því að líta heildstætt til allra gagna málsins, einkum lækisfræðilegra.

Fyrirliggjandi er lækisvottorð, dags. 5. desember 2022, þar sem fram kemur að M hafi leitað lækis á læknavaktinni 3. júní 2022, eða einum degi eftir áreksturinn. Var M þá greindur með tognun og ofreynslu í hálshrygg, brjósthrygg og hægri hné auk áverka á utanvert hægri hné. Þá er fyrirliggjandi vottorð heilsugæslulækis, dags. 26. júní 2023, þar sem fram kemur að M hafi leitað á heilsugæslu 23. janúar 2023. Í því vottorði er haft eftir M að hann hafi verið með verki í hálsi og herðum frá slysdegi. Skoðun heimilislækis sýndi ekki eymsli yfir hálshryggjarliðum, Paravertebral eymsli háls/herða svæði en fulla hreyfigetu í hálsi. Taldi lækinn að um væri að ræða tognun og ofreynslu á hálshrygg. Einnig kemur fram í vottorðinu að ítarleg yfirferð á rafrænni sjúkraskrá við heilsugæsluna, sem nær aftur til ársins 2000, hafi ekki sýnt fram á neina sjúkdóma eða slys sem gætu haft áhrif á einkenni M. Þá liggur eins og áður hefur komið fram fyrir matsgerð lækis, dags. 1. nóvember 2024, þar sem komist er að þeirri niðurstöðu að það sé líklegra en ekki að núverandi einkenni M hvað háls varðar séu afleiðingar umferðarslyssins.

Af heildstæðri skoðun gagna málsins er það mat nefndarinnar að sýnt hafi verið fram á að meiri líkur en minni séu á að M hafi orðið fyrir líkamstjóni við áreksturinn þó ekki liggi fyrir hvert umfang þess sé, þar með talið hvort um sé að ræða varanlegt tjón. Það er enda á valdi hæfra og óvilhallra matsmanna að meta frekar orsakatengsl umrædds áreksturs og þeirra einkenna sem M rekur til hans. Telst M samkvæmt öllu framansögðu eiga rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A að því marki sem sýnt verður fram á tjón með slíkri matsgerð. Í framangreindri niðurstöðu felst jafnframt að M telst eiga rétt til greiðslu þess sjúkrakostnaðar skv. 1. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 sem hlýst af öflun matsgerðar á öllum afleiðingum líkamstjónsins, þar með talið matsgerð dags. 1. nóvember 2024 sem lögð hefur verið fram að hálfu M.

Niðurstaða.

Viðurkenndur er réttur M til bóta vegna líkamstjóns úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 14. janúar 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir